

Reykjavík 13.04.2023

Varðar: Grensásvegur 48 – (fsp)

Skoðuð er fyrirspurn Kárius ehf, dags. 07.03.2023, um heimild til að innrétta 3 litlar íbúðir á 2. hæð atvinnurýmis að Grensásvegi 48. Fyrirspurn fylgir bréf hönnuðar, dags. 07.03.2023.

Skipulagsleg staða:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á verslunar- og þjónustusvæði (VP11) Ekki er í gildi er deiliskipulag fyrir lóðina.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Staðsetning húss

Umsögn:

Í bréfi hönnuðar kemur fram að ekki hafi reynst mögulegt að leigja út rýmið til atvinnustarfsemi. Eigandi, sem rekið hefur tannlæknastofu á staðnum til fjölda ára, óskar því eftir að fá að breyta rýminu í 3 litlar íbúðir sem hann hyggst nýta fyrir starfsfólk sitt. Jafnframt bendir hönnuður á að innréttaðar hafa verið íbúðir í húsinu við hliðina að Grensásvegi.

Niðurstaða:

Jákvætt er tekið í fyrirspurn að því gefnu að íbúðir hafi sólríkar svalir eða sólríkan og skjólgóðan dvalarstað á lóð.

F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnisstjóri